

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 104/2022

2022/EES/61/16

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1374 frá 12. apríl 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1422 frá 26. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 að því er varðar vottun ef um er að ræða slátrun á upprunabúi <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1709 frá 23. september 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í hluta 1.1 í I. kafla og lið 31qk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/627) í II. kafla:

„– **32021 R 1709:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1709 frá 23. september 2021 (Stjtið. ESB L 339, 24.9. 2021, bls. 84).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 11by (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624) í hluta 1.1 í I. kafla:

„, breytt með:

– **32021 R 1422:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1422 frá 26. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 1).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 339, 24.9.2021, bls. 84.

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla:

„– **32021 R 1374:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1374 frá 12. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 164k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1709:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1709 frá 23. september 2021 (Stjtið. ESB L 339, 24.9. 2021, bls. 84).“

3. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/1374, (ESB) 2021/1422 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1709, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.